

Fordómar hugans

1. hluti

Veldu **tvær** heimildir til að skoða með hópnum þínum. Þegar þú skoðar heimildirnar skaltu taka eftir hvað hópfélagar þínir segja um staðfestingarvillur og falsfréttir. Skrifðu niður punkta eða glósur á verkefnablaðið. Skoðaðu fleiri heimildir eins og tími leyfir.

Grein 1



Lestur: **Cover Up, Your Confirmation Bias Is Showing** Þessi grein sýnir mismunandi aðstæður í lífi okkar þar sem staðfestingarvillur koma upp. Orðaforði í greininni er frekar þungur. Þeir sem eru ekki komnir langt í ensku geta látið það duga að lesa bara stuttan úrdrátt úr greininni.

Grein 2



Áhorf: **Defining Confirmation Bias** Stutt myndband sem tekur saman upplýsingar um staðfestingarvillur og hvernig þær leiða fólk í að finna fréttir sem staðfesta bara þeirra skoðun.


FACING HISTORY AND OURSELVES, 2019 (2 MINS.)

Grein 3



Lestur: **Scientists Discover Simple Psychological Tools to Battle Fake News** Þessi grein fjallar um tengslin milli æsku draumóra og staðfestingarvillna og talar um þrjár aðferðir sem hægt er að nota gegn staðfestingarvillum og falsfréttum.

PETER HESS, INVERSE.COM, 8/13/2018 (10 MINS.)




Fordómar hugans

NAFN

DAGSETNING

Taktu glósur:

Grein #	Hvað segir þessi grein um hlutdrægni "e. confirmation bias" og falsfréttir?	Hvernig getum við ögrað hlutdrægni, sérstaklega með upplýsingar sem við sjáum á netinu?
1	Fólk er líklegra til þess að dreifa fréttum sem snerta á tilfinningum frekar en fréttum sem eru sannar. Fólk treystir frekar fréttum á samfélagsmiðlum sem fleirum hefur líkað við og deilt. Fólk deilir frekar fréttum sem eru umdeildar því þær snerta tilfinningar fólks meira heldur en sannar fréttir.	Það er mikilvægt að þekkja skoðanir okkar og gildi og vita hvaðan þetta kemur. Fólk ætti að hafa opinn huga varðandi skoðanir sínar, gildi og trú.
2	Staðfestingarvillur gera það að verkum að við viljum trúa ákveðnum fréttum en hafna öðrum. Vegna allra miðlana á internetinu þá getur fólk leitað að fréttum sem staðfesta það sem það trúir frekar en að fréttum sem setja spurningamerki við skoðanir þeirra og trú.	Stjórnmal og erfiðir tímar eru hlutir sem hægt er að nota til að fræðast um aðrar skoðanir og hugmyndir en maður hefur.
3	Börn og fullorðnir nota óra og tilbúning til að ná reglu í heimi sem virðist oft fullur af óreiðu.	Að nota hómor getur hjálpað okkur að draga úr streitu þegar við sjáum upplýsingar sem stinga í stúf við það sem við trúum. Að skoða ólíkar heimildir en við erum vön og heyra um ólíkar skoðanir geta hjálpað okkur að samþykkja frábrugðnar hugmyndir.



Fordómar hugans

2.hluti Leiðbeiningar

Með hópnum þínum, búið til minnistæki sem inniheldur að minnsta kosti þrjár aðferðir hvernig þið hjálpið fólki að takast á við eigin hlutdrægni þegar það les fréttir og finnur upplýsingar á netinu. Minnistæki er orð eða röð stafa sem hjálpa þér að muna skref eða aðferðir fyrir eitthvað. Nokkur dæmi um minnistækni eru stafaruna, þulur eða setningar:

Minnistæki	Lýsing	Virkni
ÁSAPÓET	Ábendingar-, Spurnar-, Afturbeygt-, Persónu-, Óákveðið-, Eignar- og Tilvísunar FORNÖFN	Fornafna-flokkar
F,C,G,D,A,E	Fúsi (s)Cér Gunnu Dóru Alltaf Eftir Hádegi	Röð á #hækkun í nótnaskrift
Kíló hektó deka metri desi senti milli	Kata á Hóli dansar mikið, dansar svaka mikið	Mælieiningar

Notaðu plássið hér fyrir neðan til að hugarstorma og skrifa niður minnistæki ykkar.


1.skref: Hugarstormur. Skrifaðu niður mismunandi orð eða aðferðir sem þú gætir notað til að ögra eigin fordómum, hlutdrægni og falsfréttum.

Svörin geta verið misjöfn. Leiðir gæti innifalið í sér að þekkja og efast um okkar eigin gildi og trú, skoða hvort að grein sé sönn og rétt með því að leita að fleiri heimildum um efnið, setja spurningamerki við sumar fréttir áður en maður trúir þeim, leita að fréttum sem ögra hugsanahætti okkar.

2.skref: Búðu til minnistæki. Taktu fyrstu stafina úr hugmyndinni sem þú skrifaðir hér fyrir ofan og reyndu að búa til orð eða skammstöfun úr því. Vísbending: Hugsaðu um samheiti orða þegar þú hugstormar, til að gefa þér fleiri möguleika.

Svörin geta verið misjöfn.

Fræðast um aðrar skoðanir, spyrja sig spurninga, leita annarra heimilda, leita að greinum sem sýna hina hlið málsins.



Fordómar hugans

NAFN

DAGSETNING

